

SAMÞYKKT
um hæsnahald í Sveitarfélaginu Árborg

1. gr.

Gildissvið og markmið.

Samþykkt þessi gildir um hæsnahald í Sveitarfélaginu Árborg á svæðum öðrum en skipulögðum landbúnaðarsvæðum og skráðum lögbýlum.

Samþykktin er sett til að tryggja öryggi, góða hollustuhætti, góða umgengni og fullnægjandi mengunarvarnir vegna hæsnahalds í Árborg.

Matvælastofnun fer með mál er varða lög um velferð dýra samkvæmt lögum nr. 55/2013, um velferð dýra.

2. gr.

Leyfisveitingar.

Umhverfisnefnd Árborgar, í umboði bæjarstjórnar Árborgar, annast útgáfu leyfa.

Sækja skal um leyfi fyrir hæsnahaldi á vefsíðu Árborgar, www.arborg.is, á þar til gerðum eyðublöðum áður en hæsnahald hefst.

Skilyrði til leyfisveitinga eru:

- a. að tilskilin leyfi byggingar- og skipulagsyfirvalda liggja fyrir nema að skilyrði í f-lið í 2.3.5. gr. byggingarreglugerðar nr. 112/2012 séu uppfyllt.
- b. að umsókn fylgi skriflegt samþykki nágranna á aðliggjandi lóðum. Ef um fjöleignarhús er að ræða skal að auki liggja fyrir samþykki húsfélags. Sé um að ræða jörð eða fasteign í óskiptri sameign skal samþykki sameigenda liggja fyrir. Sé umsækjandi leigjandi skal fylgja samþykki leigusala.
- c. að hæsnahald hafi ekki verið sérstaklega bannað eða þinglýstar kvaðir séu á fasteignum þar að lútandi.
- d. að umsækjandi hafi ekki gerst brotlegur við lög um velferð dýra eða reglugerðir settar á grundvelli þeirra.
- e. að umsækjandi sé lögráða og hafi lögheimili í Árborg.

Leyfilegt er að halda allt að fimm hænsni á hverri lóð. Óheimilt er með öllu að halda hana.

Umhverfisnefnd skal við afgreiðslu leyfis leita umsagnar byggingarfulltrúa sé þess þörf. Telji umhverfisnefnd að skilyrði til hæsnahalds séu fyrir hendi þá veitir hún leyfi til allt að fimm ára.

3. gr.

Lausaganga.

Lausaganga hæсна er með öllu óheimil og ber leyfishafi fulla vörsluskyldu. Leyfishafi er að öllu leyti ábyrgur fyrir hænsnum sínum og ber að koma í veg fyrir að hæsnahaldið valdi ónæði í umhverfinu, svo sem vegna hávaða, ólyktar og hvers konar óþrifnaðar.

4. gr.

Handsömun.

Sleppi hænsni frá leyfishafa skal hann tafarlaust gera fullnægjandi ráðstafanir við handsömun þeirra.

Hænsni í lausagöngu skal færa í geymslu á vegum Árborgar og leyfishafa tilkynnt um vörslur hæna sé hann þekktur. Ef hæna er ekki vitjað innan sjö sólarhringa frá handsömun er heimilt að ráðstafa þeim til nýs eiganda eða selja fyrir áföllnum kostnaði. Að öðrum kosti verða handsamaðar hænur aflífaðar.

Handsömuð hænsni er óheimilt að afhenda leyfishafa nema greiddur hafi verið áfallinn kostnaður við handsömun og geymslu. Sé eigandi ekki með leyfi fyrir hæsnahaldi skal hann afla

leyfis og greiða það áður en hæna fæst afhent. Kostnaður við aflifun skal að fullu greiddur af leyfishafa.

5. gr.

Hænsnakofar.

Á lóðum þar sem veitt er leyfi til hæsnahalds skal vera hæfilega stór kofi sem rúmar þann fjölda hænsna sem leyfið er veitt fyrir. Kofi fyrir fimm hænur þarf að vera að lágmarki 2,5 m² að stærð. Í kringum hæsnakofa skal vera hæsnahelt gerði, hæfilega stórt fyrir útiveru hænsna. Hæsnakofi og gerði skulu vera vel innan lóðamarka viðkomandi lóðar, að lágmarki 3 metra. Kofi skal vera meindýraheldur og fóður skal geyma í meindýraheldum ílátum. Um byggingarleyfi fyrir hæsnakofa og girðingar við þá fer samkvæmt ákvæðum byggingarreglugerðar.

Leyfishafa ber að gera ráðstafanir til að tryggja að meindýr komist ekki í fóður. Til að fyrirbyggja að rottur komist í fóður skulu ílát vera í a.m.k. 35 sm hæð frá jörðu og vera u.þ.b. 60 sm djúp.

6. gr.

Ónæði og þrif.

Til að koma í veg fyrir ónæði vegna hávaða ber að hafa myrkur hjá hænsnum frá kl. 21.00 til kl. 7.00 alla daga.

Þrifa skal kofa að lágmarki vikulega. Skít skal fjarlægja með daglegri umhirðu og má hann ekki safnast upp. Hæsnaskít skal farga eða nýta á löglegan hátt. Hæsnaskít skal koma fyrir í lokuðum umbúðum þannig að hann valdi ekki lyktarmengun. Þegar hæsnaskítur er nýttur sem áburður skal plægja hann niður þannig að hann liggi ekki á yfirborðinu. Ef ekki er unnt að nýta skít skal flytja hann í lokuðum umbúðum á móttökustöð fyrir lífrænan úrgang.

Leyfishafa ber að sjá til þess að hæsnahaldið laði ekki að meindýr.

7. gr.

Afturköllun leyfis.

Umhverfisnefnd Árborgar getur afturkallað leyfi til hæsnahalds samkvæmt samþykkt þessari ef leyfishafi brýtur ákvæði laga um velferð dýra eða ákvæði samþykktar þessarar.

8. gr.

Sjúkdómar.

Komi upp sjúkdómar eða smithætta sem að mati sóttvarnalæknis og yfirdýralæknis geta skapað hættu fyrir heilbrigði manna, ber að hætta hæsnahaldi tafarlaust og farga hænsnum í samráði við heilbrigðisnefnd.

9. gr.

Eftirlit.

Eftirlit með því að ákvæðum samþykktar þessarar sé framfylgt er í höndum Heilbrigðisnefndar Suðurlands samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Umhverfisnefnd Árborgar fer með framkvæmd samþykktarinnar í umboði heilbrigðisnefndar. Nágranna sem verður fyrir ónæði eða óhollustu af hæsnahaldi er heimilt að leita til framkvæmda- og tæknideildar Árborgar til úrlausnar með vísan til samþykktar þessarar.

10. gr.

Þvingunarúrræði.

Um þvingunarúrræði og viðurlög við brotum gegn ákvæðum samþykktar þessarar fer samkvæmt XVII. og XIX. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir.

11. gr.

Gjaldtaka.

Bæjarstjórn Árborgar er heimilt að setja gjaldskrá vegna leyfis til hæsnahalds í samræmi við ákvæði 59. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Í gjaldskrá skal kveðið á um leyfis- og eftirlitsgjöld og kostnað leyfishafa vegna annarra gjaldaliða sem leiða af samþykkt þessari.

Við ákvörðun gjaldskrár skal tekið mið af launa-, efnis- og umsýslukostnaði og öðrum kostnaði sem fellur til vegna hvers gjaldaliðar samkvæmt rekstraráætlun til að standa straum af kostnaði við að framfylgja samþykkt þessari.

Gjöld vegna aðkomu heilbrigðisnefndar greiðast samkvæmt gjaldskrá Heilbrigðiseftirlits Suðurlands.

12. gr.

Úrskurðarnefnd.

Um kærueimildir til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála vegna samþykktar þessarar fer skv. 65. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir.

13. gr.

Staðfesting.

Samþykkt þessi staðfestist hér með skv. 2. mgr. 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og öðlast þegar gildi.

Umhverfis-, orku-, og loftlagsráðuneytinu, 28. apríl 2022

F. h. r.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir / Trausti Ágúst Hermannsson